



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

133 fundur stjórnar SSV

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 10 október 2017 kl.18.00 í Landsbankahúsinu á Akranesi.

Mætt voru; Raket Óskarsdóttir, Valgarður Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir, Magnús Smári Snorrason, Eyþór Garðarsson, Árni Hjörleifsson, Björn H Hilmarsson, Eggert Kjartansson, Hafdís Bjarnadóttir og Ingveldur Guðmundsdóttir. Stefán Ármannsson mætti í forföllum Ásu Helgadóttur

Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og Hrefna B. Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Raket Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 17.00

1. Framlögð fundargerð frá 132 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 132 fundi stjórnar SSV til staðfestingar.

2. Heilbrigðismál

Formaður vitnaði til heimsóknar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands fyrr um daginn, og lýsti yfir áhuga sínum á að SSV og HVE myndu í sameiningu vinna heilbrigðisáætlun fyrir Vesturland. Nokkur umræða varð um hugmynd formanns og hvernig rétt væri að nálgast slíkt verkefni.

Niðurstaða stjórnar var að fela formanni og framkvæmdastjóra að ræða við forsvarsaðila HVE um mögulega vinnu við Heilbrigðisáætlun Vesturlands

Undir þessum lið var einnig rætt um fjárveitingar ríkisins til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og bókað stjórn SSV eftirfarandi:

Stjórn SSV skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármagn til að endurnýja og efla tækjakost sjúkrahúsanna á Akranesi og í Stykkishólmi sem og á heilsugæslustöðvum á Vesturlandi. Vegna niðurskurðar og takmarkaðra fjárveitinga til tækjakaupa síðastliðin ár, er uppsöfnuð þörf á viðhaldi og endurnýjun búnaðar orðin mjög aðkallandi. Mikilvægt er að örugg tæki og búnaður séu til staðar á sjúkrahúsunum og heilsugæslustöðum á Vesturlandi svo hægt sé að sinna þeirri þjónustu sem þar er til staðar. Þá er ljóst að betri tækjakostur mun auka verulega líkurnar á því að hægt sé að ráða fagfólk til starfa við stofnunina, en viðvarandi skortur hefur verið á fagfólki undanfarið.“

3. Haustþing SSV 2017

Lögð fram dagskrá Haustþings SSV sem fer fram á Akranesi miðvikudaginn 11 október 2017.

Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrána, hvaða gestir munu ávarpa þingið og þátttakendur í pallborðsumræðum.

4. Fjárhagsáætlun SSV

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir SSV árið 2018. Framkvæmdastjóri fór yfir tekju- og rekstrarliði fyrir árið og einnig endurskoðaða áætlun fyrir árið 2017.

Gert er ráð fyrir 400 þús. kr. rekstrarafgangi árið 2018. Tillaga að framlag sveitarfélaga til SSV verðir óbreytt á milli ára, þ.e. fastagjald 535.000 kr. pr. sveitarfélag og gjald pr. íbúa 1.650 kr. Samþykkt að leggja tillöguna til haustþings 11. október 2017.

Guðveig Eyglóardóttir vék af fundi.

5. Starfsáætlun SSV

Lögð fram tillaga að starfsáætlun fyrir SSV árið 2018. Umræða varð um nokkra liði í starfsáætlun og samþykkti stjórn að breyta fyrirhugaðri dagsetningu fyrir fræðsludag sveitarstjórnarmanna og færa hann til haustsins. Auk þess var samþykkt að dagskrá haustþings SSV 2018 nái yfir tvo daga.

Stjórn samþykkti að leggja starfsáætlun fyrir Haustþing 2017 með samþykktum breytingum.

6. Tillögur að ályktunum á Haustþingi SSV 11. október n.k.

Lagðar fram ályktanir til umræðu á Haustþingi SSV. Samþykkt að vísa drögum að ályktunum til haustþings SSV sem fer fram 11. október n.k.

7. Auka aðalfundur SSV

Lögð fram tillaga að dagskrá fyrir auka aðalfund SSV og tillaga að lagabreytingu sem lögð verður fram á fundinum. Tillaga að lagabreytingu leggur til breytingu á 6. grein laga SSV. Um er að ræða mótun að skýrari leið til stjórnarskipta í þeim tilfellum sem stjórnarmaður eða varamaður í stjórn láta af stjórnarsetu eða missa umboð sitt. Kosning nýrra fulltrúa getur farið fram á aðalfundi eða á haustþingi að fenginni tilnefningu þess sveitarfélags sem við á hverju sinni. Að öðru leyti verði 6. gr. laga óbreytt. Samþykkt að leggja þessar breytingar fram á auka aðalfund 11. október n.k.

8. Almenningsamgöngur

a. Rekstur almenningsamgangna

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna fyrstu átta mánuði ársins, en flest bendir til þess að tap verði á rekstrinum á árinu 2017. Þá voru lögð fram gögn um rekstur almenningsamgangna 2012 – 2016 á landsvísu og fyrir Vesturland. Á landsvísu er um 100 m.kr. tap á verkefninu en reksturinn á leiðum SSV hefur verið í jafnvægi og er rekstartap um 100 þús. kr.

b. Farþegatölur

Lagt fram minnisblað frá Strætó b.s yfir fjölda farþega fyrstu átta mánuði ársins. Samkvæmt þeim tölum hefur farþegum á leiðum SSV á árinu fækkað nokkuð frá árinu 2016.

9. Stefnumótun SSV

Lagt fram minnisblað sem unnið var af Alta frá fundi SSV um stefnumótun og rætt um framhald verkefnisins. Ákveðið að taka málið aftur á dagskrá á næsta fundi stjórnar.

10. Framlögð mál

a. Lagt fram yfirlit frá framkvæmdastjóra um fundi sem hann hefur sótt í ágúst og september.

Páll fór lauslega yfir helstu fundi.

b. Húsnæðisáætlanir

Hafdís Bjarnadóttir spurðist fyrir um gerð húsnæðisáætlana á svæðinu. Hún velti því upp hvort raunhæft væri að vinna þessa vinnu fyrir allan landshlutann. Páli falið að heyra í Austfirðingum sem hafa hafið þessa vinnu fyrir sinn landshluta.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund.

Haldið var til veitingastaðarins Galito þar sem stjórn SSV borðar saman.

Fundi slitið kl. 20:06.

HBJ